



Jarðgangaáætlun Vestfjarða

Rafrænn kynningarfundur frá Ísafirði 27. janúar 2022

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Jarðgöng á Vestfjörðum

Heildarlengd 20 km

3 göng á 24 árum

Að meðaltali 10 ár á milli ákvarðana

Eru næstu göng 2035 ?



Stofnvegakerfið á Vestfjörðum

Nýjustu og elstu stofnvegir landsins

Slitlag og burðarlag á “eldri vegum” komið langt fram yfir á tíma (15-25 ár afskriftartími)

“Vestfirðir í forgang” hefur fram til þessa ekki komið fram sem sértæk langtímaáætlun, fremur í formi átaksverkefna



Dýrafjörður 2020



Miklidalur ca 1980




Klettsháls 2001



Dynjandisheiði 1959

Nýframkvæmdir
stofnvega
samgönguáætlun
2020-2034.
Heildarkostnaður
um 20,5 milljarðar
fram til ársins 2028

Aðgerð	Lýsing	Tímaáætlun
Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit (25,8 km)	Þverun Þorskafjarðar, vegur að Hallsteinsnesi, þverun Djúpafjarðar, þverun Gufufjarðar, tengivegir (námuvegir) að Gufudal og Djúpadal	2020-2024. Áætlaður kostnaður 7.200 mkr
Vestfjarðavegur 60 um Dynjandisheiði (35,2 km)	Vegur frá brú á Pennuá í Vatnsfirði því sem næst að Mjólká í Arnarfirði. (ekki liggur fyrir endanleg áætlun endurnýjun Vestfjarðavegar í Vatnsfirði)	2020-2024 og 2025 Áætlaður kostnaður 5.800 mkr.
Vestfjarðavegur 60	Um Bjarnardalsá í Öfundarfirði. Covid átak LOKIÐ 2021	2020-2021. Áætlaður kostnaður 450 mkr
Djúpvegur 61	Um Hattardalsá (2km). Covid átak LOKIÐ 2021	2020-2021. Áætlaður kostnaður 450 mkr
Bíldudalsvegur 63	Um Botnsá í Tálknafirði. Covid átak LOKIÐ 2021	2020-2021, áætlaður kostnaður, 350 mkr
Bíldudalsvegur 63 (30 km)	Um Arnarfjörð í Helluskarð	2025-2028. Áætlaður kostnaður 4.800 mkr
Innstrandavegur 68 (5 km)	Heydalsá – Þorpar	2025- 2028. Áætlaður kostnaður 300 mkr





Vaxandi atvinnulíf - Líkleg áhrif laxeldis á störf og fjölda

4,7%

Fjölgun íbúa frá 2016 – 2021
m.v. 9,8% fjölgun á landsvísu

-13,4%

Fækkun íbúa frá 2000 – 2020
m.v. 30,5% fjölgun á landsvísu




Samantekt á atvikum fyrir árin 2018, 2019 og 2020 (5 mánaðar tímabil)

- Lokun yfir 8 klst.
- Lokun undir 8 klst.
- Óveður
- Lokun vegna óvissustigs

Snjómokstur alla daga
Daily snow clearing.

Reglulegur snjómokstur, en ekki daglega
Regular snow clearing, but not every day of the week.

Takmarkaður snjómokstur, aðgengi háð aðstæðum hverju sinni
Irregular snow clearing, limited access depending on conditions each time.



Snjómokstur og þjónusta á vegum er veðurháð, skoðið aðstæður hverju sinni áður en ekið er af stað.

Snow clearing and road conditions are weather dependent, make sure to check conditions before heading out on the road.


- 990 tilvik á Vestfjörðum 2018-2020
- 330 tilvik á hverjum vetri (5 mán)
- 66 á mánuði
- **2 á dag**

Rof á tengingu 2018 -2020

Milli þjónustusvæði á Vestfjörðum og tengingar við aðra landshluta

- 190 atvik að vetri (5 mán).
- 39 atvik í mánuði
- 1,3 atvik á dag


- Klettháls 10 daga í mánuði
- Steingrímsfjarðarheiði / Þröskuldar 8 daga í mánuði
- Súðavíkurhlíð 3 daga í mánuði



Vinnusóknarsvæði


Sunnanverðir Vestfirðir 2018-2020

83 atvik á vetri (5 mán) - 17 tilvik í mánuði.




Norðanverðir Vestfirðir

90 atvik á vetri (5 mán) – 18 atvik í mánuði



Viðhorfskönnun með íbúa á
Vestfjörðum um daglega vinnu og
þjónustusókn.

Ég veigra mér við að fara á milli byggðalaga vegna lélegrar vetrarþjónustu





Jarðgangakostir á Vestfjörðum

Tillögur að jarðgangaf framkvæmdum fram til ársins 2050



Jarðgangaáætlun Vestfjarða til ársins 2050

	Lengd í km.	Kostn. milljarðar
Klettsháls	3,8	9,5
Kleifaheiði	6,0	15,0
Miklidalur	3,0	7,5
Hálfván	6,0	15,0
Dynjandisheiði (Kollagötugöng)	2,6	6,5
Dynjandisheiði (Dynjandisvogur- Geirþjófsfjörður)	5,2	13,0
Breikkun Breiðadalsleggs, Breiðadals- og Botnsheiði	4,1	6,2
Skutulsfjörður-Álftafjörður (Súðavíkurgöng)	6,8	17,0
Samtals	37,5 km	89,7
(Súðavíkurhlíð styttri valkostur 2,7 km, 8,0 milljarðar. Var hafnað á síðari stigum)		

Fjallvegur	Km	Kostn. pr. km. í ma	Áætl. kostnaður ma	Stytting vegar	Umfjöllun	Áhrif á samkeppnishæfni svæðisins	Áhrif á fjárfestingar	Aðrir valkostir en jarðgöng	Valkostur í samgönguáætlun 2020-2034
Klettháls	3.8	2.5	9.5	4	Vegna erfiðrar vetrarfærðar þarf að hafa ferju á Breiðafirði til að sinna vaxandi þörf á flutningum fólks og afurða frá sunnanverðum Vestfjörðum. Mikilvægi vegakafans mun aukast á næstu árum eftir að Dýrafjarðargöng opna, Dynjandisheiði endubýggð og nýr vegur kemur um Gufudalssveit. Líklegt að vetrarþjónusta batni með aukinni umferð.	Samkeppnishæfni svæðisins batnar með úrbótum í samgöngum. Ef ekki verða neinar samgöngubætur á Kletthálsi mun það hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni svæðisins og getur leitt til breytinga á samfélögunum.	Betri vegur og vetrarþjónusta á Kletthálsi er líklegt til að ýta undir fjárfestingar bæði á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum.	Ný Breiðafjarðarferja sem svarar kröfum atvinnulífs og samfélaga. Aukin vetrarþjónusta. Vegskáli í brekku, örstutt göng efst á heiði	Nei
Kleifaheiði	6	2.5	15	0	Fækkar ófærðardögum umtalsvert á svæðinu. Leiðin að Vestfjarðavegi frá Patreksfirði, ef talað er um leiðir frá Tálknafirði og Bíldudal þá er stysta leið um Arnarfjörð og Helluskarð. Mikilvæg leið að ferjuhöfn. Göng styrkja atvinnusvæði innan Vesturbýggðar.	Svæðið verður ákjósanlegri til búsetu. Vegurinn er hluti af Vestfjarðaleiðinni og úrbætur hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu.	Ekki umtalsvert áhrif.	Vegur um Arnarfjörð og Helluskarð getur verið valkostur ef göng verða gerð um Hálfmán og nýr vegur um Mikladal/Jarðgöng. Bætt vetrarþjónusta á Kleifaheiði.	Já
Miklidalur	3	2.5	7.5	0	Meginás í samgöngum innan atvinnusvæðisins á sunnanverðum Vestfjörðum og verður að tryggja að fært sé allt árið, meginhluta Sólarhringsins.	Vegurinn skiptir miklu varðandi val á búsetu innan atvinnusvæðisins sem og þróun atvinnulífs.	Getur skipt máli varðandi fjárfestingar	Uppbygging nýs vegar, kostnaður óljós en brýnustu úrbætur kosta um 1 ma. Þó er brött brekka að norðanverðu sem erfitt er að breyta. Bætt vetrarþjónusta er einnig valkostur en breytir þó ekki miklu um erfiða vetrarfærð.	Já
Hálfmán	6	2.5	15	2.5	Meginás í samgöngum innan atvinnusvæðisins á sunnanverðum Vestfjörðum og verður að tryggja að fært sé allt árið, meginhluta sólarhringsins.	Vegurinn skiptir miklu varðandi val á búsetu innan atvinnusvæðisins sem og þróun atvinnulífs.	Getur skipt máli varðandi fjárfestingar	Ekki aðrir valkostir en jarðgöng miðað við hæð fjallvegur og veðurfar	Já
Dynjandisheiði (Kollagötugöng)	2.6	2.5	6.5	0	Auðveldar samgöngur innan Vestfjarða. Líklegt að Dynjandisheiði muni hafa umtalsvert vægi í þróun atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum á næstu árum	Vegurinn skapar möguleika og valkosti í samgöngum sem eykur samkeppnishæfni í öllum atvinnugreinum.	Göng ekki úrslitaatriði varðandi fjárfestingar á svæðinu.	Uppbyggður vegur sem fer þá í 500 m. hæð og bætt vetrarþjónusta	Nei
Dynjandisheiði (Dynjandisvogur - Geirþjófsfjörður)	5.2	2.5	13	10	Framtíðarmöguleiki sem myndi leysa af hólmum um 15 km. vegalengd af fjallvegi um Dynjandisheiði og auðvelda mjög samgöngur innan Vestfjarða.	Göng myndi skapa enn frekari möguleika á auknu flæði fólks of afurða innan svæðisins auk þess að bæta aðgengi innan væntanlegs þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum.	Göng gætu skapað nýja möguleika á fjárfestingum á svæðinu með umtalsvert bættu aðgengi.	Vegur um Dynjandisheiði. Valkostur sem yrði að skoða rækilega þegar kemur að því að endurnýja veg um Dynjandisheiði eftir ca 15-20 ár. Möguleikinn þarf að vera fyrir hendi og þarf að skrifa inn í áætlanir um þjóðgarð.	Nei
Breikkun Breiðadals- og Botnsheiðarganga (Breiðadalsleggur)	4.1	1.5	6.15	0	Aukin umferð sem fyrirjafnanlega verður með Dýrafjarðargöngum og vegi um Dynjandisheiði og Gufudalssveit veldur því að Breiðadalsleggur mun verða flöskuháls í vegakerfinu. Tvöföldun Överður því óhjákvæmileg á næstu árum.	Flöskuháls mun hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni tengda flutning fólks og afurða.	Ekki umtalsvert áhrif.	Umferðarstýring sem ekki er varanleg lausn og illfrákvæmanleg fyrir svo löng göng. Í raun er um að ræða viðhald fremur en nýfrákvæmd og ætti þessi frákvæmd því ekki að vera á áætlun um ný jarðgöng.	Já
Súðavíkurgöng	6.8	2.5	17	10	Meginás í samgöngum innan atvinnusvæðisins á norðanverðum Vestfjörðum. Þrátt fyrir að líklegt sé að vegur um Súðavíkurhlíð verði ekki jafn mikilvæg flutningleið og áður á næstu árum mun þörf á úrbótum í samgöngum verða rík. Uppbygging kalkþörungaverksmiðju í Súðavík stækkar atvinnusóknarsvæði Súðavíkur og líklegt er að dagleg umferð aukist innan atvinnusvæðisins.	Núverandi vegur um Súðavíkurhlíð er neikvæð fyrir samkeppnishæfni svæðisins. Vegurinn er hluti af Vestfjarðaleiðinni og úrbætur mikilvægar fyrir ferðaþjónustu einnig.	Gæti haft nokkur áhrif.	Vegskálar og stálþil á Súðavíkur- og Kirkjubólshlíð. Áætlaður kostnaður um 3 ma. Styttri göng á snjóflóðasvæðum eru möguleiki. Þau eru þá um 2.7 km. og áætlaður kostnaður við slík göng væri tæplega 7 ma.	Já
Súðavíkurgöng - styttri valkostur	2.7	2.5	8	0	Meginás í samgöngum innan atvinnusvæðisins á norðanverðum Vestfjörðum. Þrátt fyrir að líklegt sé að vegur um Súðavíkurhlíð verði ekki jafn mikilvæg flutningleið og áður á næstu árum mun þörf á úrbótum í samgöngum verða rík. Uppbygging kalkþörungaverksmiðju í Súðavík stækkar atvinnusóknarsvæði Súðavíkur og líklegt er að dagleg umferð aukist innan atvinnusvæðisins.	Núverandi vegur um Súðavíkurhlíð er neikvæð fyrir samkeppnishæfni svæðisins. Vegurinn er hluti af Vestfjarðaleiðinni og úrbætur mikilvægar fyrir ferðaþjónustu einnig.	Gæti haft nokkur áhrif.	Í þessari lausn er þá miðað við aðgerðir til að gera snjóflóðahættu á Kirkjubólshlíð viðunandi.	Já

Þrenn jarðgöng
Niðurstaða forgangsröðunar sem
tillaga við endurskoðun
samgönguáætlunar
(án félagshagfærðilegrar greiningar)

„**Súðavíkurgöng, Hálfván og Miklidalur.** Ekki
er ástæða til að raða þeim hér, en ekki er
óeðlilegt að líta á Hálfván og Mikladal sem eitt
verkefni.

**Breikkun Breiðadalsleggs Breiðadals- og
Botnsheiðarganga** (sem þó ætti að líta á sem
endurbyggingu en ekki eins og ný göng, frekar
en við breikkun vega og brúa víðs vegar um
landið þegar umferð kemst yfir tiltekin mörk).

Önnur jarðgangaverkefni kæmu síðar eða þörfin
endurskoðuð þegar reynsla kemur af
vetrarþjónustu á nýjum vegi um Dynjandisheiði
og af úrbótum á vegi um Klettsháls og bættri
vetrarþjónustu þar.“



Jarðgangaáætlun
Vestfjarða til ársins
2035

40 milljarðar í
nýframkvæmdir

	Lengd í km.	Kostn. milljarðar
Miklidalur	3,0	7,5
Hálfván	6,0	15,0
Skutulsfjörður-Álftafjörður (Súðavíkurgöng)	6,8	17,0
Samtals nýframkvæmdir	15,8	41,5
Breikkun Breiðadalsleggs, Breiðadals- og Botnsheiði (endurbætur)	4,1	6,2
Samtals nýframkvæmdir og endurbætur	19,9	47,7

Niðurstaða

Jarðgöng eru drifkraftur markmiðs um jákvæða byggðapróun um land allt.


- Samgönguáætlun
- Byggðáætlun
- Stefna í málefnum sveitarfélaga

Félagshagfræðileg greining getur dregið fram mikilvægar upplýsingar sem gætu m.a. haft áhrif á forgangsröðun verkefnanna.

Greiningin ætti einnig að ná til áhrifa milli svæða og út fyrir fjórðunginn.

Einnig þarf við forgangsröðun að líta til umferðarmagns, slysa, ófærðardaga og fleira af því tagi.

Fleiri valkostir gætu komi fyrir inn því er fyrirvari á hvernig t.d. Dynjandisheiði reynist





TAKK FYRIR